



Umhverfis- og skipulagsráð

**Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um örugga tengingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Suðurlandsbraut**

Á fundi íbúaráðs Háaleitis og Bústaða þann 23. maí 2023 var lögð fram meðfylgjandi tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, ásamt greinargerð, um örugga tengingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Suðurlandsbraut, sbr. 4. lið fundargerðar ráðsins sama dag.

Tillagan var samþykkt.

Með hliðsjón af samþykkt fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar er tillögunni hér með vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

Virðingarfyllt,  
Eiríkur Búi Halldórsson  
*Miðlæg stjórnýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Hjálagt: Tillaga og greinargerð



## TILLAGA

---

### ***Tillaga íbúaráðs Háaleitis og Bústaða um örugga tengingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Suðurlandsbraut:***

Lagt er til að Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til Umhverfis- og skipulagsráðs að gerð verði örugg tenging fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Suðurlandsbraut frá Háaleitishverfinu. Lagt er til að slík tenging yrði staðsett í beinu framhaldi af Vegmúla.

Greinagerð:

Laugardalurinn er mikil útivistar- og tómstundarparadís sem íbúar í Háaleitis- og Bústaðahverfi sækja mikið heim. Suðurlandsbraut er þó í dag mikill faratálmi sem dregur úr möguleikum íbúa á að nýta sér gæði dalsins. Úr því þarf að bæta. Miklar breytingar eru í farvatninu á Suðurlandsbraut með tilkomu Borgarlínunnar en einnig mun íbúðauppbygging á Orkureit og endurnýjun og uppbygging í Múlahverfi kalla á bættar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi á svæðinu. Að ógleymdri Þjóðarhöll sem rísa á milli Suðurlandsbrautar og Laugardalshallar. Allt leggst þetta á eitt að bætt tenging fyrir óvarða vegfarendur yfir Suðurlandsbraut er aðkallandi mál.

Tillagan er byggð á vinsælli hugmynd úr verkefninu Hverfið mitt sem ekki hlaut brautargengi á kjörskrá m.a. vegna stærðar, kostnaðar og/eða tæknilegs flækjustigs. Hægt er að skoða umræddar hugmyndir hér -> <https://hverfidmitt-2020-2021.betireykjavik.is/group/22789>.